



Öldrunarráð Íslands

Ársskýrsla

Starfsárið 2014-2015



INNGANGUR AÐ ÁRSSKÝRSLU

Rétt eins síðustu ár, hefur stjórn Öldrunarráðs Íslands ákveðið að viðhalda þeim góða sið að gefa út formlega ársskýrslu eftir hvert starfsár.

Fjallað er um helstu þætti í starfinu á árinu 2014-2015 sem vonandi gefa lesendum góða innsýn í starf Öldrunarráðs Íslands. Til frekari upplýsinga skal bent á heimasíðu Öldrunarráðs, oldrunarrad.is en þar er einnig að finna nokkrar eldri ársskýrslur.

Ég vil nota þetta tækifæri til að þakka stjórnarmönnum, félagsaðilum og öðrum sem tekið hafa þátt í starfi Öldrunarráðs, fyrir ánægjulegt og árangursríkt samstarf á starfsárinu 2014-2015.

Pétur Magnússon,
formaður Öldrunarráðs Íslands

AÐALFUNDUR ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2015

Miðvikudaginn 20. maí 2015

Kl. 14:00-16:00

Grand hótel Reykjavík

Dagskrá:

1. Hefðbundin aðalfundarstörf samkvæmt lögum ráðsins
2. Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs fyrir störf að málefnum aldraðra
3. Önnur mál

Kaffihlé

4. Ávarp Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnaðismálaráðherra
5. Kynningarindi frá fyrirtækinu FASTUS, sem kostar aðalfund Öldrunarráðs 2015.

Átt þú gögn eða myndir úr sögu Öldrunarráðs?

Eitt af því sem stjórn Öldrunarráðs ákvað að gera á starfsárinu, var að hefja söfnun gagna og mynda úr sögu Öldrunarráðs Íslands. Því miður hefur núverandi stjórn mjög lítið af gögnum úr sögu ráðsins undir höndum. Eftir að ráðið opnaði heimasíðu sína, árið 2011, opnuðust nýjir möguleikar til að varðveita myndir, fundargerðir og önnur gögn ásamt möguleikanum til að bjóða upp á auðveldan aðgang að þessu efni.

Við þökkum þeim sem þegar hafa lagt til gögn en ljóst er að verkefnið mun halda áfram á næsta starfsári og þá er vonast eftir að hægt verði að byrja að setja söguleg gögn og myndir inn á heimasíðu ráðsins, oldrunarrad.is.

Allir sem eiga gögn eða myndir úr sögu ráðsins eru beðnir að snúa sér til Huldu S. Helgadóttur, starfsmanns Öldrunarráðs.

Til gamans fylgja hér þrjár myndir frá stofnfundi ráðsins.

Myndir frá stofnfundi Öldrunarráðs Íslands 21. október 1981.





Öldrunarráð Íslands

DAS Hrafnista, Laugarási, 104 Reykjavík

Sími: 585 9508 ■ oldrunarrad@oldrunarrad.is

STJÓRN ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

2014-2015

Pétur Magnússon

petur.magnusson@hrafnista.is
GSM: 841 1600
Vinnusími: 585 9500

Berglind Magnúsdóttir

berglind.magnusdottir@reykjavik.is
GSM: 822 3175
Vinnusími: 411 1111

Jón H. Magnússon

jonhalldormagnusson@gmail.com
GSM: 821 8575
Heimasími: 553 4575

Ingibjörg Þórisdóttir

ingibjorg.halla.thorisdottir@reykjavik.is
GSM: 893 5135
Vinnusími: 411 1590

Aðalbjörg Traustadóttir

adalbjorg.traustadottir@reykjavik.is
GSM: 664 7760
Vinnusími: 411 1500

Fanney Helga Friðriksdóttir

fanben@simnet.is
GSM 861 2760
Vinnusími: 411 2760

Guðlaug Jóna Hilmarsdóttir

gudlaugjona@arborg.is
GSM: 898 5492
Vinnusími: 480 1900

Jóna Valgerður Kristjánsdóttir

jvalgerdur@gmail.com
GSM: 893 6396
Vinnusími: 434 7754

Ragnhildur G. Hjartardóttir

ragnhildur.hjartardottir@mork.is
GSM: 894 4447
Vinnusími: 560 1703

Hulda S. Helgadóttir

oldrunarrad@oldrunarrad.is

formaður

frá Sjómannadagsráði
Hrafnista
Laugarási, 104 Reykjavík

varaformaður

frá Sálfræðingafélagi Íslands
Skrifstofustjóri á velferðarsviði Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík

gjaldkeri

frá Samtökum atvinnulífsins

Neðstaleiti 2, 103 Reykjavík

ritari

frá Félagi íslenskra hjúkrunarfræðinga
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Síðumúla 39, 108 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Reykjavíkurborg
Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis
Síðumúla 39, 108 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Alþýðusambandi Íslands
Félagsliði þjónustufbúðum aldraðra
Norðurbrún 1, 104 Reykjavík

meðstjórnandi

frá Sveitarfélagini Árborg
Sveitarfélagið Árborg – Fjölskyldumiðstöð
Grænumörk 5, 800 Selfoss

meðstjórnandi

frá Landssambandi eldri borgara
Mýrartunga 2, 380 Reykhólahreppi

meðstjórnandi

frá Hjúkrunarheimilinu Mörk
Mörk, hjúkrunarheimili
Suðurlandsbraut 66, 108 Reykjavík

starfsmaður Öldrunarráðs Íslands

Sími: 585 9508, GSM 693 9508

Aðildarfélög Öldrunarráðs Íslands 2014-2015

Akureyrarkaupstaður
Alþýðusamband Íslands
Bandalag kvenna í Reykjavík
Biskupsstofa
Blindrafelagið
Bændasamtök Íslands
Dvalarheimilið Ás
Félag aðstandenda
Alzheimersjúkra (FAAS)
Félag íslenskra
hjúkrunarfræðinga
Félag sjúkrabjálfara í
öldrunarþjónustu

Félag stjórnenda í
öldrunarþjónustu
Garðabær
Grund, dvalar- og
hjúkrunarheimili
Hafnafjarðarkaupstaður
Iðjuþjálfafélag Íslands
Kópavogsbær
Kvenfélagasamband Íslands
Landsamband eldri borgara
Landssamtök lífeyrissjóða
Mörk, hjúkrunarheimili
Rauði Kross Íslands
Samband íslenskra
sveitarfélaga

Samtök atvinnulífsins
Samtök starfsmanna
fjármálfyrirtækja
Sálfræðingafélag Íslands
Sjómanndagsráð &
Hrafnista
Skjól, hjúkrunarheimili
Sveitarfélagið Árborg
Sveitarfélagið Skagafjörður
Tryggingastofnun ríkisins
Velferðarsvið
Reykjavíkurborgar
Öldrunarfræðafélag Íslands
Öryrkjabandalag Íslands

FRÁ AÐALFUNDI ÖLDRUNARRÁÐS 2013

Til gamans fylgja hér myndir frá Aðalfundi Öldrunarráðs 2013 sem haldinn var á Landakotsspítala 22. maí.



FUNDARGERÐ AÐALFUNDAR ÖLRUNARRÁÐS ÍSLANDS 2014

19. maí 2014

Aðalfundur Öldrunarráðs, haldinn á Grand hótel

Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs opnaði fundinn og bauð aðalfundarfulltrúa velkomna.

Fundarstjóri var kjörinn Gísli Páll Gíslason og fundarritari, Ingibjörg Þórisdóttir

Fundarstjóri tók til máls og lýsti fundinn löglega boðaðan og löglega settan.

1. Nafnakall

2. Hefðbundin aðalfundarstörf

- a. lögð fram ársskýrla Öldrunarráðs fyrir starfsárið 2013 – 2014 sem jafnframt er skýrla stjórnar. Formaður rakti helstu atriði úr starfi stjórnar, starfsárið 2013-2014.
- b. ársreikningar Öldrunarráðs lagðir fram, Jón H. Magnússon, gjaldkeri gerði grein fyrir ársreikningum.
Fjárhagsáætlun 2014 lögð fram.

Skýrla stjórnar og reikningar Öldrunarráðs bornir upp til atkvæða og samþykktir samhljóða.

- c. Félagsgjöld, Jón H. Magnússon gjaldkeri leggur fram tillögu um óbreytt félagsgjöld. Samþykkt.
- d. Efnahagsreikningur Rannsóknarsjóðs lagður fram, samþykktur
- e. Kosning til stjórnar. Linda Baldursdóttir gengur úr stjórn. Fanney Helga Friðriksdóttir gefur kost á sér, samþykkt.
Skoðunarmenn Stefán Ólafsson og Linda Baldursdóttir gefa kost á sér, samþykkt

3. Afhending viðurkenningar Öldrunarráðs fyrir störf að málefnum aldraðra
Viðurkenningu Öldrunarráðs fyrir árið 2014 hlýtur Soffía Jakobsdóttir, Hollvinasamtök Hæðargarðs fyrir framúrskarandi starf með eldri borgurum.
4. Málþing: Líknardauði/líknarmeðferð – hvar liggja mörkin.
Málþingið var mjög vel sótt og vakti talsverða athygli fjölmöðla.

HELSTU ATRIÐI ÚR STARFI ÖLDRUNARRÁÐS 2014-2015

Viðurkenning Öldrunarráðs 2014

Starfsár Öldrunarráðs Íslands 2014-2015 hófst á aðalfundi ráðsins 19. maí. Á aðalfundi veitir Öldrunarráð árlega sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið gott og óeigingjarnt starf að málefnum aldraðra. Var það hlaut Soffía Jakobsdóttir leikkona viðurkenningu ráðsins fyrir áralangt og óeigingjarnt starf með öldruðum, en það voru Hollvinir félagsmiðstöðvarinnar Hæðargarðs í Reykjavík sem tilnefndu Soffíu.

Soffía hefur um árabil tekið virkan þátt í félagsstarfi með öldruðum og lagt sitt að mörkum til að viðhalda félagslegri virkni þeirra og lífsgæðum.

Meðal annars þjálfar Soffía eldri borgara í upplestri, framsögn og framkomu á sérstökum námskeiðum sem njóta mikilla vinsælda. Hún starfrækir m.a. sérstakan framsagnarhóp sem æfir upplestur á ljóðum og öðru efni til flutnings opinberlega. Þessi hópur hefur komið víða fram, bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti á landi auk þess sem hópurinn hefur lesið Passúsálma Hallgríms Péturssonar í Ríkisútrvapinu svo fátt eitt sé nefnt. Nú síðast flutti hópurinn dagskrá á sumardaginn fyrsta í Bústaðakirkju í tilefni hátiðarhaldar þar.



Viðurkenning Öldrunarráðs

Árlega veitir Öldrunarráð Íslands sérstaka viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka sem þykja hafa unnið einstakt starf tengt málefnum aldraðra. Auglýst er eftir tilnefningum í fjölmíðlum og er öllum heimilt að senda inn tilnefningar. Að þessu sinni voru 14 aðilar tilnefndir, þar af sumir sem fengu fleiri en eina og fleiri en tvær tilnefningar. Eftir að hafa fjallað um tilnefningarnar, sem margar voru mjög áhugaverðar og komu sannarlega til greina, komst stjórn Öldrunarráðs Íslands að niðurstöðu.

Um fundi stjórnar á starfsárinu

Líkt og undanfarin fjögur starfsár ákvað stjórnin að hefja veturninn á því að halda stefnumótunarfund og var hann haldinn í Hraunsnefi í Borgarfirði að þessu sinni. Þar er friður og ró og áttu þátttakendur þar góðan tíma til að ræða málin.

- Markmið og hlutverk skoðuð og rædd
- Fróðlegar umræður – mjög ólík sjónarhorn
- Hvernig á að haga starfinu til að uppfylla sem best hvert markmið fyrir sig?
- Skipulagning helstu þátta starfsársins

Auk stefnumótunarfundar, fundaði stjórn Öldrunarráðs alls 8 sinnum á starfsárinu. Ýmsir góðir gestir heimsóttu fundi ráðsins. Má þar nefna *Berglindi Indriðadóttur* iðjuþjálfa, *Ernu Indriðadóttur* frá fréttavefnum Lifdununa.is og Helga Pétursson, fjölmíðlamann sem kynnti hugmyndir af sjónvarpsþáttum um málefni aldraðra.

Á fundum stjórnar eru jafnframt miklar umræður um ýmis mál sem efst eru á baugi þá stundina hvað varðar málefni aldraðra.

Markvisst starf í miðlun upplýsinga um öldrunarmál

Á síðasta starfsári ákvað stjórn Öldrunarráðs að koma á fót öflugum póstlista þar sem ráðið gæti sent út kynningarrefni um öldrunarmál, til dæmis um áhugaverð málþing og ráðstefnur í málaflokknum. Um 200 netföng eru nú á póstlista ráðsins og er listinn að vax og dafna smá saman. Að jafnaði eru sendar út 2-3 tilkynningar í hverjum mánuði og hefur þetta gefið góða raun

Samhliða útsendingum á póstlista tók ráðið í gagnið netfangið oldrunarrad@oldrunarrad.is en það nýtist starfsemi ráðsins á margan hátt, til dæmis við að svara fyrirspurnum og taka við skráningum af ýmsu tagi.

Nýtt aðildarfélag

Gaman er að segja frá því að á starfsárinu gekk eitt nýtt aðildarfélag í Öldrunarráð Íslands. Það er Félag sjúkraþjálfara í öldrunarþjónustu og eru þau boðin hjartanlega velkomin í Öldrunaráðið.

Fjölsótt málþing um Líknardauða og líknarmeðferð

Málþingið Líknardauði, líknarmeðferð – hvar liggja mörkin? fer fram í kjölfar aðalfundi Öldrunarráðs Íslands árið 2014. Óhætt er að segja að sjaldan hafi verkefni á vegum Öldrunarráðs vakið jafnmikla athygli í þjóðfélaginu. Tæplega 300 manns mættu á málþingið og flestir fjölmíðlar landsins fjölluðu um málþingið og ýmsar fréttir og viðtöl urðu til úr umræðum í nokkrar vikur á eftir. Í veturn hafa svo ýmis málþing verið haldin um þetta efni af ólíkum félögum og samtökum og má með sanni segja að þar hafi Öldrunarráð náð markmiði sínu með því að koma af stað umræðu um erfitt málefni sem sannarlega þurfti að opna umræðu fyrir.

Samstarfsaðilar Öldrunarráðs við málþingið voru Samtök fyrirtækja í Velferðarþjónustu og Landssamband eldri borgara

MÁLÞING

Grand hótel Reykjavík
mánudaginn 19. maí 2014
kl. 13:30-16:00

LÍKNARDAUÐI LÍKNARMEÐEERÐ - hvar liggja mörkin?

DAGSKRÁ:

13:30-13:35	Setning: Gísli Páll Pálsson, formaður Samtaka fyrirteekja í velferðarpjónustu.
13:35-14:10	Líknardauði frá sjónarhorni hjúkrunarfræðinga. Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra og Elfa Þóll Grétarsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraðra með áherslu á líknarmeðferð.
14:10-14:35	Viðhorf til meðferðar við lífslok. Jón Snædal, óldrunarlæknir.
14:35-15:00	Líknardráp í ljósi siðfræðinnar. Salvör Nordal, forstöðumaður siðfræðistofnunar Háskóla Íslands.
15:00-15:50	Terminal care and euthanasia in the Netherlands - Facts and feelings. Jaap van der Spek, formaður Landssambands eldri borgara í Hollandi og varaforseti EURAG.
15:50-16:00	Málþingslok: Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, formaður Landssambands eldri borgara.
	Málþingsstjóri: Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs Íslands.

MÁLÞINGIÐ ER ÖLLUM OPIÐ - AÐGANGUR ER ÓKEYPIS

- » Athygli er vakin á því að erindi Jaap van der Spek fer fram á ensku.
- » Boðið verður upp á kaffi og kleinur.



Skráning sendist á netfangið: oldrunarrad@oldrunarrad.is

Um Rannsóknasjóð Öldrunarráðs Íslands

Sjóðurinn hefur verið starfræktur um langt skeið en aðalhvatamaður að stofnun hans var Gísli heitinn Sigurbjörnsson, forstjóri hjúkrunarheimilisins Grundar. Rannsóknasjóðurinn hefur það hlutverk að styðja við bakið á rannsóknum í öldrunarmálum á Íslandi auk sérstakra verkefna annarra í málaflokknum, sem stjórni sjóðsins metur til þess fallin hverju sinni.

Styrkir Rannsóknasjóðs Öldrunarráðs

Þann 29. október 2014 veitt stjórn Öldrunarráðs Íslands (ÖÍ) fjóra rannsóknarstyrki úr styrktarsjóði ráðsins vegna verkefna í öldrunarmálum, en í október ár hvert er veitt úr sjóðnum. Sjóðurinn afhendir árlega styrki á afmælisdegi Gísla Sigurbjörnssonar, stofnanda og forstjóra Grundar, en hann var aðalhvatamaður að stofnun sjóðsins. Afhending styrkjanna fór fram á Hrafnistu í Reykjavík og hlutu eftirfarandi framlag í ár:

Álfhildur Hallgrímsdóttir: Aksturslok aldraðra

Álfhildur er starfsmaður Færni- og heilsumatsnefndar höfuðborgarsvæðisins og nemi í öldrunarfræðum við Háskóla Íslands. Markmið rannsóknar Álfhildar er að kanna upplifun aldraðra, 80 ára og eldri, sem látið hafa af akstri bifreiðar, á því hvort og þá hvaða áhrif aksturslokin hafa haft á lífsvenjur þeirra. Styrkupphæð kr. 75 þús.

Ólöf Árnadóttir: Hlýtt úti- hjólastólagalinn

Ólöf er grafískur hönnuður sem m.a. hefur hannað nýja tegund útivistargalla fyrir aldraða sem auðvelt er að klæðast, jafnvel þótt viðkomandi sé bundinn við hjólastól. Hugmyndin kvíknaði við umönnun hennar við aldraða foreldra sína með heilabilun. Ólöf hefur lokið við frumhönun hlífðarfatnaðarins sem auðvelt er að klæðast og er ætlað að gera öldruðum betur kleift að njóta útivistar allan ársins hring. Styrkupphæð kr. 75 þús.

Magrét Guðnadóttir: Samvinna starfsmanna í samþættri hjúkrunar- og félagsþjónustu

Magrét er hjúkrunarfræðingur og teymisstjóri í hjúkrun hjá Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í Reykjavík hlaut styrk til að vinna meistaránámsrannsókn við HÍ þar sem ætlunin er að varpa skýrara ljósi á eðli samvinnu milli starfsfólks hjúkrunar- og félagslegrar heimaþjónustu þar sem slík þjónusta hefur verið samþætt. Er markmiðið að komast að því í hverju samvinnan felst, skilgreina einstaka þætti hennar og hvort hægt sé að leggja mat á þá. Styrkupphæð kr. 100 þús.

Hallveig Skúladóttir: Heilsufar, færni og þjónustubörf einstaklinga sem njóta þjónustu

heimahjúkrunar

Hallveig er meistaránemi við heilbrigðisdeild Háskólans á Akureyri. Markmið rannsóknarinnar er að skoða heilsufar og færni einstaklinga sem njóta þjónustu heimahjúkrunar, annars vegar á Heilbrigðisstofnun Vesturlands á Akranesi og hins vegar á Heilbrigðisstofnuninni Sauðárkróki, auk þess að skoða vísbendingar um þjónustubörf. Styrkupphæð kr. 150 þús.



Á meðfylgjandi mynd eru frá vinstri: Ólöf, Álfhildur, Hallveig, Margrét og Pétur, formaður ÖÍ.

Sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri

DAGSKRÁ

13:30	Setning: Þórey S. Þórðardóttir <i>framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða</i>
13:40	Ávarp: Eygló Harðardóttir, <i>félags- og húsnæðismálaráðherra</i>
13:55	Má ég – Get ég – Vil ég? Jóna Valgerður Kristjánsdóttir, <i>formaður Landssambands eldri borgara</i>
14:10	Kiknar vinnandi fólk undan ellibyrðinni? Miðað við áætlaða hlutfallslega breytingu úr 6:1 í 2:1 á 40 árum. Hannes G. Sigurðsson, <i>aðstoðarframkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins</i>
14:25	Er hægt að gera nýja kynslóðasátt? Gylfi Arnþjörnsson, <i>forseti Alþýðusambands Íslands</i>
14:40	„Ég vona bara að ég verði ekki settur einhvers staðar í að skráfa númeraplötur á bíla“. Rannsókn á því hvað hvetur miðaldra og eldra fólk í starfi og stuðlar að starfsánægju þess. Jóna Valborg Árnadóttir, <i>MS í mannaússstjórnun</i> .
14:55	Hvernig gerum við eldra fólk samkeppnishæfara á vinnumarkaði? Jón H. Magnússon, <i>lögfræðingur</i>
15:10	Pallborðsumræður frummælenda
15:40	Ráðstefnuslit Fundarstjóri: Pétur Magnússon, <i>formaður Öldrunarráðs Íslands</i>



ALLIR VELKOMNIR - ADGANGUR ÓKEYPIS



Öldrunarráð Íslands

LANDSSAMTOKA
LÍFNEYRISJÓÐA

Alþýðusamband Íslands

SAMTOKA ATVINNULÍFSINS

Samtök félaga eldri borgara

Ráðstefna um sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri

Áhugavert málþing um sveigjanleg starfslok og atvinnumál 60 ára og eldri var haldið á hótel Natura í nóvember. Málþingið var samstarfsverkefni Öldrunarráðs Íslands og nokkurra aðildarfélaga ráðsins sem eru Landssamband eldri borgara, Landssamtök lífeyrissjóða, Alþýðusamband Íslands og Samtök atvinnulífsins. Að auki kom Velferðarráðuneytið að málþinginu sem þótti takast mjög vel en tæplega 200 manns sóttu málþingið.

Bráðadagurinn 6. mars 2015 – Börn og aldraðir

Öldrunarráð var einn af samstarfsaðilum Bráðadags Landspítala sem haldin var 6. Mars síðast liðinn. Yfir 200 manns tóku þátt í deginum sem þykir góð þátttaka. Fyrir hádegi var fjallað um það sem sneri að öldruðum og mikla athygli vakti erindi úr erindi Samirs frá Kanada þar sem hann fór yfir nýjar hugmyndir varðandi móttöku aldraðra á bráðamóttökum, hvernig hægt er að byrja strax að vinna í þeirra málum og jafnvel snúa þeim við í hurðinni. Hann ræddi líka slæm áhrif legu á sjúkrahúsi á aldraða og forvarnastarf til að koma í veg fyrir að aldraðir leggist inn út í samfélagini. Dagskrá Bráðadagsins fylgir hér til fróðleiks:

Bráðadagurinn 6. mars 2015

Börn og aldraðir. Bráðapjónusta á 21. öldinni

við fyrir þig



Ráðstefna á vegum flæðissviðs Landspítala. Hótel Natura Nauthólsvegi 52, Reykjavík.

Dagskrá

08:30- 08:35 Setning bráðadagsins

Guðlaug Rakel Guðjónsdóttir, framkvæmdastjóri flæðissviðs Landspítala

08:35- 08:50 Ávarp landlæknis

Birgir Jakobsson, Landlæknir

8:55-9:40 Boðsfyrirlestur: The Elder-Friendly Emergency Department: From Evidence to Outcomes

Dr. Samir Sinha öldrunarlæknir, Mount Sinai og the University Health Network Hospitals í Toronto.

09:45 – 09:55 Forgangsröðun þjónustu til aldraðara einstaklinga: heimaþjónusta og dvöl á hjúkrunarheimili

Ingibjörg Hjaltadóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, PhD, flæðissvið Landspítala

09:55 – 10:05 Tilvísun aldraðra í hjúkrunarstýrð úrræði eftir endurteknar komur á bráðamóttöku

Ingibjörg Sigurbórsdóttir, hjúkrunarfræðingur MS, bráðamóttöku Landspítala

10:05 - 10:30 Kaffihlé – Veggspjaldakynning 1 í anddyri

10:30 – 10:50 Boðsfyrirlestur: Velferðarþjónusta frá vöggu til grafar á 21. öldinni

Stefán Eiríksson, framkvæmdarstjóri Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar

10:50 – 11:00 Komur aldraðra, 67 ára og eldri, á bráðamóttöku Landspítala vegna meiðsla 2011-2012

Maria Guðnadóttir, meistaraneimi, Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Háskóla Íslands

11:00 -11:10 Gjörgæslusjúklingar á bráðamóttökum Landspítala 2010-2012

Þorsteinn Jónsson, aðjúknt í bráða- og gjörgæsluhjúkrun, hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands

11:10 – 11:20 Forprófun á mælitækinu Pain assessment in advanced dementia (PAINAD) til að meta verki hjá einstaklingum sem eiga erfitt með að tjá verki

Elfa Þöll Grétarsdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun, flæðissviði Landspítala

11:20– 11:30 Gæði lyfjaupplýsinga, samantekt og samanburður á lyfjaávísavallum við útskrift aldraðra einstaklinga af sjúkrahúsi yfir á hjúkrunar- og dvalarheimili

Karen Birna Guðjónsdóttir, lyfjafræðingur, Sjúkrahúsapóteki Landspítala

11:30 – 11:40 Má mylja öll lyf? Lyfjagafir á hjúkrunarheimilum

Pétur S. Gunnarsson, lyfjafræðingur, Sjúkrahúsapóteki Landspítala

11:40 – 11:50 Sjúkraflug til Landspítala árin 2011-2012

Elín Rós Pétursdóttir, hjúkrunarfræðingur, aðgerðarsviði Landspítala

11: 50 – 12:10 Boðsfyrirlestur:Prehospital Emergency Medical Services in Madrid

Vicente Sánchez-Brunete Ingelmo, sérfræðingur á bráðamóttöku Landspítala

12:10 – 13:00 Léttur hádegisverður – Veggspjaldakynning 2 í anddyri

13:00 – 13:40 Boðsfyrilestur: Building Paediatric Emergency Medicine

Dr. Paul Leonard bráðalæknir og yfirlæknir á bráðamóttöku barna, NHS Lothian, Edinborg

13:40 – 13:50 Öryggi barna í innkaupakerrum: Árangursríkt inngríp til forvarna. Skrásetningu slysa er ábótavant.

Árni Þór Eiríksson, sálfraðideild Háskóla Íslands

13:50 – 14:00 Stunguáverkar sem leiddu til innlagna á Landspítala 2005-2014

Una Jóhannesdóttir, læknadeild Háskóla Íslands

14:00 – 14:10 Geðgreiningar og sjálfsvígstilraunir meðal sáenskra eftirlifenda tsunami-hamfaranna:

Fimm ára pörúð ferilrannsókn

Ragnhildur Guðmundsdóttir, doktorsnemi, Miðstöð í lýðheilsuvísindum, Háskóla Íslands

14:10 – 14:20 Banaslys í umferðinni á Íslandi í 100 ár

Brynjólfur Mogensen, yfirlæknir og dósent, Rannsóknarstofu LSH og HÍ í bráðafræðum

14:25 – 14:35 Komur slasaðra barna á bráðadeild Landspítala eftir reiðhjólaslys árin 2005-2010

Ármann Jónsson, læknir, bráðadeild Landspítala

14:35 – 14:55 Bráðalækningar barna í höndum bráðalækna

Bjarni Eyvindsson, bráðalækni barna, NHS Lothian, Edinborg

14:55 - 15:00 Lokaorð

Pórdís Katrín Þorsteinsdóttir, verkefnastjóri, Rannsóknarstofu LSH og HÍ í bráðafræðum

Fundarstjórar: Ása Elísa Einarsdóttir, Gyða Baldursdóttir, Inga J. Arnardóttir og Pálmi Jónsson

Veggspjaldakynning 1

Aðalsteinn Guðmundsson: SENATOR: Próun og klínísk prófun á nýjum hugbúnaði sem metur og gefur ráðleggingar um lyfjameðferð og aðrar meðferðarleiðir hjá eldri einstaklingum

Elfa Þöll Grétarsdóttir: Gæði í auknu flæði

Elfa Þöll Grétarsdóttir: Ákjósanleg matstæki til skimunar og greiningar á óráði

Helga Bragadóttir: Tengsl teymisvinnu og starfsánægju í hjúkrun á bráðalegudeildum á sjúkrahúsum á Íslandi

Hlíf Guðmundsdóttir: Klínískar leiðbeiningar um greiningu, forvarnir og meðferð við óráði

Unnar Lilja Úlfarsdóttir: Mjaðmagrindarbrot meðhöndluluð á Landspítala árin 2008-2012

Veggspjaldakynning 2

Arnljótur Björn Halldórsson: Komur á bráðamóttöku Landspítala vegna rákvöðvarofs í kjölfar ofþjálfunar árin 2008-2012

Hrafnkell Óskarsson: Sjúkraflug þyrlu Landhelgisgæslu Íslands árin 2008-2012

Oddný Kristinsdóttir: Pediatric early warning score (PEWS) á bárnadeild Barnaspítala Hringssins

Páll Óli Ólason: Komur slasaðra á bráðamóttöku Landspítala eftir vélsleðaslys árin 2001-2012

Ragnhildur Guðmundsdóttir: Skjótur brottflutningur af hamfarasvæði í kjölfar náttúruhamfara og áhrif á langtíma heilsufar eftirlifenda

Sif Ólafsdóttir: Áhrif líðókaíns á blóðrás og bólguþætti í brunasköðuðum rottum

Sólrún W. Kamban: Ávinningur af stuttum fjölskyldumeðferðarsamræðum við foreldra barna, eins ára og yngri, sem greinast með RS veiru á bráðamóttöku barna

Málþingið er öllum opið og aðgangur starfsfólks flæðissviðs er ókeypis en fyrir aðra gesti er aðgangseyrir 5.000 kr. Skráning á vef Landspítalans: www.landspitali.is



Óldrunarráð Íslands



Framtíðarþing um farsæla öldrun – Akureyri

Síðasta verkefni Öldrunarráðs á þessu starfsári var Framtíðarþing um farsæla öldrun var haldið í sal Háskólangs á Akureyri síðasta mánudag. Rúmlega 60 manns á öllum aldri sátu þingið og kom meðal annars fram í máli fundarmanna að það þyrti síður en svo að kvíða hækkandi aldri. Einnig að mikilvægt sé fyrir starfsfólk í velferðarþjónustu að þekkja til hlítar þarfir og óskir aldraðra til að geta veitt sem besta þjónustu. Þá kom einnig fram að halda þurfi áfram að þróa þjónustuna við aldraða, t.d. félagsstarf og annað sem þessum hópi standi til boða.

Framundan er úrvinnsla gagna af þinginu og skýrslugerð með niðurstöðunum, en segja má að eitt af markmiðum þingsins sé að niðurstöðurnar verði leiðbeinandi fyrir stjórnvöld um það hvernig aldraðir vilja sjá sín mál þróast til framtíðar.

Framtíðarþingið á Akureyri var samstarfsverkefni Öldrunarráð Íslands, Akureyrarbæjar, Félags eldri borgara á Akureyri, Háskólangs á Akureyri, Landsambands eldri borgara og Velferðarráðuneytisins. Stutt ávarp í upphafi þings fluttu Eiríkur Björn Björnsson, bæjarstjóri Akureyrar og Eyjólfur Guðmundsson, rektor HA.

Þingið var „systurþing“ sambærilegs þings sem Öldrunarráð gekkst fyrir þann 7. mars árið 2013 í ráðhúsi Reykjavíkur en þótti það hafa tekist mjög vel. Aðdragandi fundarins var Evrópuár um virkni aldraðra og samstöðu kynslóðanna árið 2012 hjá Evrópusambandinu en í kjölfarið ákvað Stjórn Öldrunarráðs að stefna til þingsins með eftirfarandi markmið að leiðarljósi:

- Að vekja jákvæða athygli á öldruðum, stöðu þeirra og hvernig þeir líta sín mál til framtíðar.
- Að skapa umræðu um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri áranna.
- Að skapa vettvang fyrir þá sem koma að öldrunarmálum á Íslandi og koma af stað heilbrigðri og skynsamlegri umræða um þessa kynslóð.
- Að kynna samfélaginu Öldrunarráð sem og aðra samstarfsaðila sem að fundinum koma;
- Að skapa leiðbeiningar til stjórnvalda.

Fundarfyrirkomulag byggði á sömu hugmyndafræði og notuð var á þjóðfundi 2009 og 2010. Unnið var á sextán 8-9 manna borðum og á hverju borði var sérþjálfaður borðstjóri en hans hlutverk var að sjá til þess að allir við borðið fengju jöfn tækifæri til að tjá sig og að tryggja virka hlustun þannig að öll sjónarmið kæmust að.

Niðurstöður verða teknað saman í skýrslu sem dreift verður víða.



Frá Framtíðarþingi um farsæla öldrun á Akureyri 18. maí 2015. Frá vinstri: Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs, Ingrid Kuhlman, þingstjóri, Eiríkur Björn Björgvinsson, bæjarstjóri á Akureyri, Jóna Valgerður Kristjánssdóttir, fráfarandi formaður Landssambands eldri borgara, Sigurður Hermannsson, formaður Félags eldri borgara á Akureyri, og Eyjólfur Guðmundsson, rektor Háskólangs á Akureyri.



*Páttakendur óskast
– viltu vera með?*

FARSÆL ÖLDRUN

Framtíðarþing um farsæla öldrun

Óskað er eftir páttakendum
úr eftifarandi hópum:

- » 75 ára og eldri
- » 55-75 ára
- » 55 ára og yngri
- » Starfsfólk sem tengist öldrunarmálum

Skráning:

Skráning sendist á netfangið
oldrunarrad@oldrunarrad.is eða
í síma 693 9508 eigi síðar en 6. maí nk.
Taka þarf fram nafn, kennitölu og síma.
Þátttaka er öllum heimil og án endurgjalds.*
Boðið verður upp á veitingar.

MARKMIÐ ÞINGSINS:

- » Skapa umræðu meðal áhugasamra um öldrunarmál, væntingar og viðhorf til efri áranna.
- » Vekja jákvæða athygli á eldri borgurum, stöðu þeirra og hvernig þeir líta á mál sín til framtíðar.

Í HÁSKÓLANUM

Á AKUREYRI

18. maí 2015 kl. 16:30-20:30



Háskólinn
á Akureyri



FÉLAG ELDRI BORGARA
Á AKUREYRI



Akureyri



Oldrunarráð Íslands



LEB
Landssamband
eldri borgara



VELFERÐARRÁÐUNEYTÍÐ

Yfirfærsla á málaflokki aldraðra frá ríki til sveitarfélaga

Stefna yfirvalda í málensum eldri borgara hefur í mörg ár verið sú að heildarábyrgð á þjónustu við aldraða verði færð til sveitarfélaga. Áætlað var að sa flutningur yrði fyrst í byrjun 2013 og var skipuð undirbúningsnefnd með fulltrúum frá ýmsum aðilum s.s. ráðuneyti, SÍS, stéttarfélögum, LEB og fulltrúa frá Öldrunarráði Íslands. Fulltrúi ÖÍ er Berglind Magnúsdóttir, varaformaður ÖÍ. Auk undirbúningsnefndar sem gengur undir nafninu „stóra nefndin“ var skipað í Framkvæmdahóp með fulltrúum SÍS og ráðuneyta.

Núverandi ríkisstjórn virðist ekki vera með þennan yfirflutning í forgrunni og kynnti fyrir nokkru að af þessum yfirflutning yrði ekki í bráð. Þáttöku Öldrunarráðs í þeim undirbúningi er því lokið að sinni.

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra

Samstarfsnefnd um málefni aldraðra starfar á grundvelli 4. gr. laga um málefni aldraðra nr. 125/1999, en samkvæmt greininni skipar ráðherra fimm manna samstarfsnefnd um málefni aldraðra eftir hverjar almennar alþingiskosningar. Verkefni samstarfsnefndar um málefni aldraðra eru að vera velferðarráðherra og ríkisstjórn til ráðuneytis um málefni aldraðra, vera tengiliður milli ráðuneyta, stofnana og samtaka sem starfa að málensum aldraðra, stjórna Framkvæmdasjóði aldraðra og gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum.

Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í mánuði yfir vetrartímann, u.b.b. 8 fundir á ári.

Fundarefni undanfarið eru t.d.:

- Framkvæmasjóður aldraðra: umræður um fjárhagsstöðu sjóðsins, umsóknarferlið, endurskoðun á lögum sjóðsins og ekki síst yfirferð umsókna og úthlutun úr sjóðnum.
- Heimsóknir á hjúkrunarheimili; aðstæður og aðbúnaður skoðaður, bæði ný og gömul heimili.
- Heimsóknir gesta frá ýmsum stofnunum sem tengast öldrunarmálum: Landlækn, TR o.fl.
- Aukin áhersla að kynna sér nýjungar og koma með tillögur til ráðherra að fyrra bragði
- Almennar umræður um öldrunarmál og ýmislegt í tengslum við þau í þjóðfélaginu.

Pétur Magnússon, formaður Öldrunarráðs, hefur setið í nefndinni fyrir hönd ráðsins. Eftir Alþingiskosningar vorið 2013, var óskað eftir nýjum tilnefningum til nefndarinnar og voru formaður (aðalmaður) og varaformaður (til vara) tilkynntir sem fulltrúar ráðsins.

Því miður hefur Samráðsnefnd um málefni aldraðra ekki verið kölluð saman til funda síðan vorið 2013.

Er það mjög miður en vonandi gera stjórnvöld bragarbót á því sem allra fyrst. Öldrunarráð hefur ítrekað bent stjórnvöldum á þetta.

Umsagnir um þingmál

Eitt af hlutverkum Öldrunarráðs er að veita umsagnir um þingmál sem eru í farvatninu á Alþingi. Á þessu starfsári bárust ráðinu 12 mál til umsagnar og voru sendar inn umsagnir í premur málum.

LÖG ÖLDRUNARRÁÐS ÍSLANDS

Endurskrifuð og breytt á aðalfundi 23. maí 2012

1.gr.

Aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða mynda Öldrunarráð Íslands. Heimil þess og varnarþing er í Reykjavík.

2.gr.

Markmið Öldrunarráðs er að bæta lífsgæði og stöðu aldraðra. Tilgangi sínum hyggst ráðið ná með því að :

- a) Stuðla að samræmdri grundvallarstefnu í málefnum aldraðra og framgangi hennar.
- b) Koma fram fyrir hönd aðila sinna eftir því sem við á.
- c) Standa að ráðstefnum og námskeiðum og beita sér fyrir almennri upplýsinga – og fræðslustarfsemi um málefni aldraðra.
- d) efla rannsóknir varðandi málefni aldraðra með starfsemi sérstaks rannsóknarsjóðs, en um hann gildir sérstök skipulagsskrá.
- e) aðstoða aðila sína við skipulag verkefna og framkvæmd
- f) veita árlega viðurkenningu til einstaklings, stofnunar eða félagasamtaka fyrir framúrskarandi mál, starf eða verkefni í þágu málefnis aldraðra.
- g) annast samskipti við tengda aðila erlendis.

3.gr.

Aðilar að Öldrunarráði Íslands geta orðið :

- 1) Opinberir aðilar og aðrir þeir aðilar sem láta sig málefni aldraðra varða.
- 2) stofnanir sem vinna að öldrunarmálum og
- 3) félög og samtök sem á einhvern hátt snerta málefni aldraðra.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands afgreiðir aðildarumsóknir.

4.gr.

Styrktarfélagar geta orðið einstaklingar og félög sem ekki falla undir ákvæði í 3. gr.
Þeir eiga rétt til setu á aðalfundi með málfrelsi og tillögurétti.

5.gr.

Árgjöld til ráðsins greiða aðilar í einhverjum eftirtalinna flokka:

- a) gjöld er veita rétt til þriggja fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- b) gjöld er veita rétt til eins fulltrúa með atkvæðisrétt á aðalfundi.
- c) gjöld styrktarfélaga samkvæmt ákvörðun aðalfundar.

Aðilar að Öldrunarráði geta sent fleiri á aðalfund en þá sem atkvæðisrétt hafa.

Tillögur um árgjöld ásamt fjárhagsáætlun skal stjórn ráðsins leggja fyrir aðalfund.

Gjalddagi árgjalda er 10.júlí. Aðildarfélög sem skulda árgjöld tveggja ára falla út af aðildaskrá.

6.gr.

Reikningsár samtakanna er almanaksárið.

7.gr.

Aðalfund skal að jafnaði halda í maí ár hvert og fer hann með æðsta vald Öldruanráðs Íslands.

Rétt til setu á aðalfundi eiga fulltrúar og þeir aðrir sem stjórnin býður, svo sem fyrrverandi stjórnarmenn.

Aðalfund skal boða skriflega með a.m.k. hálfス mánaðar fyrirvara og er hann löglegur sé löglega til hans boðað.

Dagsskrá aðalfundar:

1. Nafnakall fulltrúa með atkvæðisrétt.
2. Lögð fram skýrsla stjórnar og nefnda um starfsemi ráðsins ásamt endurskoðuðum reikningum þess.
3. Skýrsla Rannsóknarsjóðs lögð fram.
4. Lögð fram tillaga stjórnar að fjárhagsáætlun næsta árs og aðildargjöldum.
5. Lagabreytingar.
6. Lagðar fram tillögur/ eða ályktanir er borist hafa.
7. Kosning formanns , annara stjórnarmanna og endurskoðenda.
8. Önnur mál.

8.gr.

Aðalfundur kýs 9 manna stjórn Öldrunarráðs Íslands .

Kjörgengir eru þeir einir sem tilnefndir eru til setu á aðalfundi af aðilum Öldrunarráðs.

Kjörtímabil stjórnarmanna er 3 ár og er formaður kosinn sérstaklega. Stjórnin skiptir með sér verkum.

Endurkosning formanns og stjórnar er heimil í tvö skipti.

Aðalfundur kýs two skoðunarmenn reikninga og einn til vara og skulu þeir kosnir til þriggja ára.

9.gr.

Hlutverk stjórnar Öldrunarráðs Íslands er að annast málefni ráðsins milli aðalfunda.

Stjórninni er heimilt að ráða starfsmann.

Skylt er að kveðja til fundar ef 1/3 hluti félagsmanna óskar þess , sbr.5. gr. eða ef 2 stjórnarmenn æskja þess skriflega , enda sé fundarefni tilgreint.

10.gr.

Öldrunarráð hefur til ráðstöfunar sjóð til eflingar rannsókna í Öldrunarmálum , Rannsóknarsjóð Öldrunarráðs Íslands. Rekstur sjóðsins er á ábyrgð stjórnar Öldrunarráðs sem leggur mat á styrkbeiðnir. Starfsemi sjóðsins er byggð á skipulagsskrá sem samþykkt var á aðalfundi Öldrunarráðs 15. Október 1992 og verður henni einungis breytt á aðalfundi.

11.gr.

Lögum þessum verður einungis breytt á aðalfundi. Tillögur til lagabreytinga skulu berast stjórn fyrir 1. Apríl og skal hún senda þær með fundaboði. Til lagabreytinga þarf samþykkt 2/3 greiddra atkvæða á aðalfundi.

12.gr

Tillögu um að leggja Öldrunarráð niður er eingöngu hægt að leggja fyrir aðalfund og skal hún berast stjórn fyrir 1. febrúar. Verði tillagan samþykkt með ¾ hlutum atkvæða á aðalfundi , enda sitji a.m.k. ¾ hlutar atkvæðisbærra fulltrúa fundinn skal halda aukaaðalfund innan þriggja mánaða til endanlegrar ákvörðunar. Verði samþykkt að leggja Öldrunarráð niður með ¾ hlutum atkvæða á aukaaðalfundi , skal fundurinn ákveða hvernig skuli ráðstafa eignum Öldrunarráðs. Þá skal taka sérstaklega ákvörðun um það hver skuli taka að sér rekstur og úthlutun styrkja úr rannsóknarsjóði.

Skipulagsskrá Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands

1.gr.

Sjóðurinn heitir Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands.

2.gr.

Sjóðurinn er stofnaður á aðalfundi Öldrunarráðs Íslands 27. september 1991 með gjöf frá Líknarsjóði Íslands að fjárhæð kr.822.507,10 átta hundruð tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar. Auk þess telst til stofnfjár gjöf frá Öldrunarráði Íslands að fjárhæð kr.200.000,- tvö hundruð þúsund krónur. Stofnfé sjóðsins telst vera kr.1.022.507.10-ein milljón tuttugu og tvö þúsund fimm hundruð og sjö krónur og tíu aurar.

3.gr.

Tekjur sjóðsins eru önnur framlög, gjafir og áheit sem honum kunna að berast, vextir auk tekna af fjárlögun, sem stjórn sjóðsins efnir til.

4.gr.

Allar gjafir, framlög og áheit skal færa í sérstaka gjafabók.

5.gr.

Hlutverk sjóðsins er að styrkja rannsóknir í öldrunarmálum á Íslandi svo og önnur þau verkefni sem stjórn sjóðsins ákveður.

Úthlutað er úr sjóðnum 29. október ár hvert, fyrsta sinn 1993. Umsóknarfrestur um styrkveitingar er til 1.júlí ár hvert. Auglýsa skal eftir styrkbeiðnum með tveggja mánaða fyrirvara.

6.gr.

Stofnfé sjóðsins má ekki skerða meðan sjóðurinn stafrar eftir þessari skipulagsskrá, en vexti og aðrar tekjur er sjóðnum kunna að áskotnast má nota samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

7.gr.

Stjórn sjóðsins er stjórn Öldrunarráðs Íslands á hverjum tíma og varsla sjóðseigna í hennar höndum.

8.gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera hið sama og annarra reikninga Öldrunarráðs Íslands og endurskoðendur þeir sömu og annast endurskoðun reikninga Ö.I.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðbók fyrir sjóðinn þar sem bókaðar eru allar kvarðanir sjóðsstjórnar og annað varðandi sjóðinn, þ.á.m. niðurstöður reikninga hans.

9.gr.

Reikningar sjóðsins skulu birtir undir nafni hans með öðrum reikningum Öldrunarráðs Íslands.

Reykjavík , 15. október 1992
Stjórn Öldrunarráðs Íslands



Óldrunarráð Íslands

Óldrunarráð Íslands

Ársreikningur 2014

Efnisyfirlit

Áritun stjórnar og skoðunarmanna	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstremmisyfirlit	6
Skýringar	7
Efnahagsreikningur Rannsóknarsjóðs Öldrunarráðs Íslands	8


Skýrsla og áritun stjórnar

Markmið Öldrunarráðs Íslands er að bæta lífsaðstöðu aldraða.


Hagnaður varð af rekstri ráðsins á árinu 2014 að fjárhæð 440 þús. kr. samkvæmt rekstrarreikning. Höfuðstóll ráðsins nam í árslok 5.582 þús. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Stjórn Öldrunarráðs Íslands hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2014, ásamt efnahagsreikningi fyrir Rannsóknarsjóð Öldurnarráðs Íslands, og staðfest þá með undirritun sinni. Stjórn leggur til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.


Reykjavík, 18 . maí 2015.


Pétur Magnússon

Pétur Magnússon, formaður


Berglind Magnúsdóttir

Berglind Magnúsdóttir, varaformaður



Jón H. Magnússon

Jón H. Magnússon, gjaldkeri

Áritun félagskjörinna skoðunarmanna

Við undirritaður skoðunarmenn Öldrunarráðs Íslands höfum yfirfarið ársreiknings ráðsins fyrir árið 2014 án athugasemda.

Reykjavík, 18 . maí 2015.


Stefán Ólafsson


Linda Baldursdóttir

Rekstrarreikningur

	2014	2013
Rekstrartekjur		
Árgjöld.....	931.700	1.068.288
Þáttökugjöld vegna funda og ráðstefna.....	1.324.646	465.273
Vaxtatekjur.....	124.672	124.947
Seðilgjöld.....	7.500	37.528
Aðrar óreglulegar tekjur.....	2	0
	142.910	1.696.036
	2.531.428	
Rekstrargjöld		
Auglýsingar.....	1.137.889	210.663
Heimasíða.....	69.174	127.041
Banka- og þjónustukostnaður.....	14.734	14.549
Fjármagnstekjuskattur.....	22.936	24.774
Fundir og ráðstefnur.....	672.800	679.498
Styrkir.....	100.000	100.000
Annar kostnaður.....	73.768	65.376
	2.091.301	1.221.901
Hagnaður ársins.....	440.127	474.135

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir

	Skýr.	2014	2013
Ógreidd félags- og ráðstefnugjöld.....	3	296.600	178.900
Handbært fé.....	4	5.471.118	5.336.838
Eignir samtals		5.767.718	5.515.738

Eigið fé og skuldir

Höfuðstóll frá fyrra ári.....		5.141.791	4.667.656
Afkoma ársins.....		440.127	474.135
Eigið fé samtals		5.581.918	5.141.791
Aðrar skammtímaskuldir.....	5	185.800	373.947
Skuldir samtals		185.800	373.947
Eigið fé og skuldir samtals		5.767.718	5.515.738

Sjóðstreymsyfirlit árið 2014

	Skýr.	2014	2013
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....	440.127	474.135	
Veltufé til rekstrar	440.127	474.135	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun).....	(117.700)	(45.600)	
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....	(188.147)	(144.000)	
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	(305.847)	(189.600)	
Handbært fé til rekstrar	134.280	284.535	
Lækkun á handbæru fé	134.280	284.535	
Handbært fé í ársbyrjun	5.336.838	5.052.303	
Handbært fé í lok árs	5.471.118	5.336.838	

Skýringar

1. Ársrekningurinn er gerður í samræmi við lög um ársrekninga. Ársrekningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðsrekningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Aðrar óreglulegar tekjur

Árin 2012 og 2013 var færð varúðarfærsla í bókhaldi til skuldar vegna ófærðra bókfærslna af eldri bankareikningum sem ekki höfðu verið færðar. Árið 2014 var leyst úr þessari stöðu og kom þá í ljós að varúðarfærsla hafði verið ofmetin. Mismunur er færður til tekna.

3. Ógreidd félags- og ráðstefnugjöld

	2014	2013
Ógreidd félagsgjöld frá árinu 2012.....	15.600	15.600
Ógreidd félagsgjöld frá árinu 2013.....	133.300	133.300
Ógreidd ráðstefnugjöld frá árinu 2013.....	30.000	30.000
Ógreidd ráðstefnugjöld frá árinu 2014.....	117.700	0
	<hr/> 296.600	<hr/> 178.900

4. Handbært fé

Bankareikningur 117-05-65355.....	0	131.118
Bankareikningur 314-26-589.....	1.612.876	1.339.229
Bankareikningur 314-13-300432.....	3.748.990	3.658.186
Bankareikningur 372-13-112206.....	109.252	208.305
	<hr/> 5.471.118	<hr/> 5.336.838

5. Aðrar skammtímaskuldir

Ógreiddir reikningar í árslok.....	185.800	373.947
	<hr/> 185.800	<hr/> 373.947

Rannsóknarsjóður Öldrunarráðs Íslands

Efnahagsreikningur 31.12.2014

Eignir

	2014	2013
Handbært fé.....	9.638.840	9.699.175
Eignir samtals	9.638.840	9.699.175

Eigið fé

Höfuðstóll frá fyrra ári.....	9.699.175	9.754.413
Vextir.....	299.581	305.952
Fjármagnstekjuskattur.....	(59.916)	(61.190)
Styrkveitingar.....	(300.000)	(300.000)
Eigið fé samtals	9.638.840	9.699.175